


Eigendastefna dótturfélaga Isavia ohf.



Eigendastefna dótturfélaga Isavia ohf.

Útgefandi

Isavia ohf.

Dagsetning

21.10.2021

© 2024 Isavia ohf.

www.isavia.is / isavia@isavia.is

Efnisyfirlit

1 Um eigendastefnuna	4
2 Markmið eiganda	5
3 Stjórn og skipulag	6
4 Umboð stjórnar	7
5 Stjórnarhættir	8
6 Rekstur félagsins	9
7 Upplýsingagjöf og samskipti eiganda	10
8 Gildistaka	11

1 Um eigendastefnuna

Með eigendastefnu þessari er leitast við að skýra ábyrgð og hlutverk eiganda, félagsins, stjórnar og stjórnenda til að stuðla að góðum stjórnhættum og skýrri stefnumörkun. Þannig á eigendastefnan að tryggja gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun dótturfélaga Isavia ohf.

Byggt er á viðurkenndum leiðbeiningum um góða stjórnarhætti fyrirtækja¹ og Almennri eigendastefnu ríkisins², auk almennra viðmiða um hlutverk og skyldur eiganda. Eigendastefnunni verður aðeins breytt með samþykki eiganda á hluthafafundi. Eigendastefnan skal vera aðgengileg á heimasíðu Isavia ohf.

2 Markmið eiganda

Félagið skal rekið með faglegum og gagnsæjum hætti þannig að almennt traust ríki á stjórn og starfsemi þess. Fylgja skal viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnhætti og leitast við að vera til fyrirmyndar á sviði stjórnháttar, viðskiptasiðferðis og sjálfbærni.

Lögð er áhersla á langtímasjónarmið um uppbyggingu og rekstur félagsins. Starfsemi félagsins skal byggjast á markvissri stefni og hagkvæmum rekstri sem skilar ávinningi til samstæðu Isavia, samfélagsins og viðskiptavina til lengri tíma. Jafnframt er lögð áhersla á að það skili viðunandi afkomu og tryggi viðhald tekjumyndandi eigna. Í því felst m.a. að eigandinn fái eðlilegan arð af eigin fé í samræmi við áhættu rekstrar.

Lögð er áhersla á að ákvarðanatataka stjórnar og stjórnenda byggji á jafnræði, gagnsæi og hlutlægni.

3 Stjórn og skipulag

Hlutverk stjórnenda og stjórnarmanna er að gæta hagsmuna félagsins, eiganda og annarra haghafa þess í hvívetna með eigandastefnuna að leiðarljósi..

Stjórn Isavia ohf. mun kappkosta að velja fyrir sína hönd hæfa stjórnarmenn með haldgóða þekkingu og reynslu fyrir stjórnarsetu í dótturfélögum.

Við val á stjórnarmönnum skal gætt að jafnréttissjónarmiðum og þess gætt að störf stjórnarmanna og stjórnenda leiði ekki til hagsmunaárekstra. Í stjórn dótturfélaga skulu sitja þrír stjórnarmenn. Stjórn Isavia ohf. tilnefnir stjórnarformann og stjórnarmenn.

4 Umboð stjórnar

Stjórn félagsins skal starfa í samræmi við lög og reglur þ.m.t. um einkahlutafélög, samþykktir félagsins, starfsreglur stjórnar og eigandastefnu þessa. Hún er sjálfstæð í störfum sínum og ber ábyrgð á starfsemi og rekstri félagsins. Hún hefur sjálfstæða eftirlitsskyldu með starfsemi félagsins fyrir hönd eiganda.

Stjórnin fer með málefni félagsins milli hluthafafunda. Hún skal hafa yfirsýn yfir starfsemina og veita stjórnendum eðlilegt aðhald.

Framkvæmdastjóri félagsins er ráðinn af stjórn þess og ber ábyrgð á störfum sínum gagnvart henni. Stjórnin ákveður starfskjör hans í samræmi við viðmið og ramma sem starfskjaranefnd Isavia ohf. gerir tillögu um sem byggir á starfskjarastefnu þess.

Stjórn félagsins samþykkir árlegar fjárhags- og starfsáætlanir sem framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að undirbúa og gera tillögu um. Stjórnin hefur reglubundið eftirlit með að framkvæmdastjórinn fylgi fjárhags- og starfsáætlun.

Stjórn og framkvæmdastjóri taka ákvarðanir í málum félagsins sem rúmast innan eigandastefnunnar. Við óvenjulegar, veigamiklar eða stefnumarkandi ákvarðanir skal stjórn leita afstöðu Isavia ohf. áður en ákvörðun er tekin. Skilgreining á ákvörðunum skal koma fram í viðauka um starfsreglur stjórnar dótturfélaganna.

5 Stjórnarhættir

Stjórn og stjórnendur skulu setja félaginu skýra framtíðarsýn, stefnu og markmið varðandi starfsemi félagsins í samræmi við tilgang þess, með hliðsjón af meginstefnu Isavia ohf þar sem við á.

Stjórn skal innleiða þær stefnur, reglur og leiðbeiningar sem fram koma í viðauka með eigandastefnu þessarar sem Isavia ohf. er skylt að innleiða samkvæmt lögum eða stefnu eiganda þess og þurfa einnig að gilda fyrir dótturfélög þess.

Isavia ohf. sem eigandi félagsins ber upp mál er varða félagið á hluthafafundum sem er hinn formlegi vettvangur eiganda að málefnum hennar. Upplýsingaskipti milli Isavia ohf. og dótturfélags byggjast að öðru leyti á ákvæðum í eigandastefnu þessari, starfsreglum stjórnar og almennt viðurkenndum reglum um stjórnarhætti og starfsemi sjálfstæðra félaga.

Stjórn skal setja félaginu starfskjarastefnu sem er í samræmi við starfskjarastefnu Isavia ohf. hverju sinni. Starfskjarastefnu skal samþykkja á aðalfundi ári hvert.

Endurskoðunarnefnd Isavia ohf. tekur einnig til dótturfélagsins en hún hefur m.a. eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila til að auka öryggi á fjárhagslegum upplýsingum. Starf endurskoðunarnefndar hefur ekki áhrif á ábyrgð stjórnar stjórnenda á rekstri félagsins samkvæmt lögum.

Stjórn félagsins tekur mið af almennt viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja við störf sín.

6 Rekstur félagsins

Fjárfestingar og fjárhagsleg áhætta sem tekin er í rekstri félagsins skal vera í samhengi við tilgang, stefnu og starfsemi félagsins og miða að því að reksturinn sé fjárhagslega stöðugur til skemmri og lengi tíma. Isavia ohf. setur dótturfélögum sínum arðsemiskröfu.

Félagið skal eins og kostur er stuðla að nýjungum, nýbreytni og stöðugri framþróun í starfseminni sinni.

Gæta skal gagnsæis og jafnræðis við stjórnun og viðhafa opna stjórnarhætti við rekstur félagsins, huga skal sérstaklega að verklagi við innkaup og gæta þar að hagkvæmni, jafnræði og gagnsæi.

Félaginu er skylt að sækja eingöngu alla sína lánaþyrirgreiðslu til Isavia ohf. og miðast lánakjör við viðskiptakjör samstæðunnar á markaði. Isavia ohf. hefur umsjón með ávöxtun handbærs fjár fyrir hönd dótturfélaga sinna.

7 Upplýsingagjöf og samskipti eiganda

Dótturfélaginu er ekki heimilt að stofna til meiriháttar fjárfestinga utan kjarnastarfseminnar, selja eða ráðstafa verulegum hluta af eignum félagsins, hefja starfsemi á nýju sviði, stofna ný félög eða takast á hendur skuldbindandi langtímasamninga sem ekki teljast eðlilegur hluti af daglegum rekstri félagsins, án fyrirfram samþykkis Isavia ohf.

Félagið skal árlega leggja fram langtímaáætlun um þróun, rekstur, afkomu, efnahag og sjóðstreymi og kynna breytingar þar á.

Félagið skal árlega skila til Isavia ohf. skýrslu um starfsemi félagsins, þar sem gerð er grein fyrir fjárhagslegri stöðu, árangri í rekstri og árangri af almennri starfsemi.

Dótturfélagið er ábyrgt fyrir mánaðarlegum uppgjörum félagsins.


Isavia ohf. tilkynnir stjórn dótturfélagsins ef breytingar eru gerðar á þeim stefnum, reglum eða leiðbeiningum sem móðurfélaginu er skylt að innleiða og gilda einnig um dótturfélög þess.

Dótturfélagið kaupir þjónustu frá Isavia ohf. á grundvelli þjónustusamninga. Í slíkum samningum er skilgreind sú þjónusta sem Isavia ohf. veitir dótturfélaginu. Markmið með slíkum samningum er m.a. að nýta stærðarhagkvæmni samstæðunnar með hag beggja að leiðarljósi í samræmi við reglur um milliverðlagningu.

8 Gildistaka

Samþykkt á stjórnarfundum Isavia ohf.

Reykjavík 21. október 2021



KEF